

Félagsmálastjóri um þjónustusamninga við Geðhjálp

Úrbætur eða rifting

VELFERDAPJÓNUSTA Þjónustusamningi við Geðhjálp verður rift verði honum ekki fylgt betur að sögn Láru Björnsdóttur félagsmálastjóra í Reykjavík, m.a. í tilefni af frásögnum Fréttablaðsins af vanefndum samninganna við ríki og borg.

Lára sagði í viðtali við RÚV að fyrri úttektir hefðu ekki leitt neitt óeðlilegt

í ljós, en á sl. ári hefðu komið fram vankantar sem hefðu leitt til nýrrar úttektar, og bréfs til stjórnar Geðhjálpar um úrbætur. Meðal annars voru gerðar athugasemdir við lélegt húsnæði og við að hluti starfsmanna fengi greitt fyrir önnur störf en þjónustusamningurinn gerði ráð fyrir, þeas umönnun og liðsinni við 35 geðfatlaða skjólstað-

inga Geðhjálpar. Geðhjálp fær 40 milljónir króna frá ríki og borg vegna tveggja samninga. Lofað hefði verið úrbótum í febrúarbyrjun, en stjórnin beðið um tíma þar til ný stjórn hefði verið kosin. Nú þremur mánuðum síðan er enn stjórnarlaust í Geðhjálp en úr því fæst vzentanlegs bætt á aðalfundi nk. laugardag. ■

